



Fundargerð

166. fundur íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að
Tjarnargötu 12, 20. desember 2022, kl. 16:00

Viðstaddir:

Friðþjófur Helgi Karlsson formaður, Birgir Már Bragason, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir, Sindri Kristinn Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs, Rúnar Vífill Arnarson formaður íþróttabandalags Reykjanesbæjar og Hafþór Barði Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Hermann Borgar Jakobsson áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs boðaði forföll.

1. Aðgengis- og öryggismál við Nettóhöllina og Fimleikaakademíuna (2022120237)

Erindi frá Keflavík íþrótt- og ungmennafélagi um beiðni um úrbætur að umferðinni við Nettóhöllina og Fimleikaakademíuna.

Íþrótt- og tómstundaráð tekur undir áhyggjur forsvarsfólks Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags um mikilvægi þess að umferðaröryggismál verði skoðuð og bætt sem allra fyrst.

Málinu vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

2. Fjárhags- og starfsáætlun 2023 (2022090478)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sagði frá lykiltölum í fjárhagsáætlun íþrótt- og tómstundamála fyrir árið 2023.

Helstu áherslur og verkefni á árinu 2023 eru:

Hvatagreiðslur fyrir 4-5 ára börn verður í fyrsta sinn í boði á árinu 2023

Lokið verður við byggingu íþróttamiðstöðvar við Stapaskóla með viðurkenndum keppnisvelli fyrir íþróttir innanhúss ásamt sundlaug.

Nýr vaktturn í Sundmiðstöðinni til að auka öryggi sundlaugagesta



Ný sláttuvél verður keypt fyrir knattspyrnudeildir UMFN og Keflavík og fimleikadýna fyrir fimleikadeild Keflavíkur.

Lyfta verður sett í 88 Húsið/Fjörheima til að auka aðgengi allra að félagsmiðstöðinni og ungmennahúsinu.

Íþrótt- og tómstundaráð er sammála um að auka þurfi fjármagn til málaflokksins til að geta staðið undir metnaðarfullu íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjanesbæ og borið okkur saman við sambærileg sveitarfélög.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs fylgdi úr hlaði starfsáætlun menntasviðs fyrir árið 2023.

Íþrótt- og tómstundaráð þakkar Helga fyrir kynningu á metnaðarfullu starfi menntasviðs fyrir komandi ár. Samkvæmt hugmyndum um skipulagsbreytingar hjá Reykjanesbæ verður heiti fræðsluviðs breytt í menntasvið á nýju ári, þær breytingar hafa þó ekki enn verið samþykktar.

3. Glímudeild UMFN - (2021120231)

Erindi frá Glímudeild UMFN var tekið fyrir á 165. fundi íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar þann 29. nóvember sl. þar sem kom fram beiðni um að breyta eigi stundatöflum í bardagahöllinni í aðstöðu Glímudeildar UMFN og Júðófélags Reykjanesbæjar. Erindinu var frestað á milli funda og óskað eftir frekari gögnum.

Íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar leggur til m.v. fyrirbyggjandi gögn að fyrirkomulag æfingatíma verði óbreytt í Bardagahöllinni að svo komnu máli, hvað sem síðar verður.

Telji Glímudeild UMFN þörf á viðbótaræfingatímum þá leggur íþrótt- og tómstundaráð til að þau fái lánaðar dýnur í eigu Reykjanesbæjar sem eru í geymslu og fái æfingaraðstöðu í íþróttasal Háaleitisskóla.

4. Ársskýrsla KFUM og KFUK 2021-2022 (2022110073)

Ársskýrsla KFUM og KFUK lögð fram.

Íþrótt- og tómstundaráð þakkar fyrir greinargóða skýrslu.

5. Heimsóknir íþrótt- og tómstundaráðs í stofnanir á vegum ráðsins (2022120243)



Erindi frestað vegna ófærðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00.